

Mál nr. 14/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ slysatryggingar launþega X.****Sönnun orsakatengsla og tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um
váttryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna slyss 23 janúar 2006.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.2.2016, ásamt gögnum.

Bréf lögmans M dags. 8. febrúar 2016.

Málsatvik.

Í málinu virðist vera ágreiningslaust að M hafi fallið á bílaplani fyrir utan starfsstöð X þann 23. janúar 2006 og lent á hægri handlegg. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi leitað til læknis tveimur dögum síðar og þar hafi hann verið greindur með tognun á axlarlið, í sama vottorði kemur síðan fram að M hafi leitað til læknis að tíu dögum liðnum og hafi þá verið óbólgin. Í gögnum málsins kemur síðan fram að M hafi næst leitað til læknis vegna óþæginda í öxl 11. ágúst 2014. Í segulómskoðun 16. september 2014 hafi síðan komið fram rifa „í mið- og afturhluta supraspinatus sin og framhluta infraspinatus sinar“. M fór í aðgerð eftir þetta og hefur verið óvinnufær. Tjón til V var tilkynnt með tjónstilkynningu dags. 24. október 2014.

M telur að greiða eigi bætur úr slysatryggingu launþega X hjá V þar sem hann hafi ekki gert sér grein fyrir afleiðingum slyssins 23. janúar 2006 fyrr en á árinu 2014. Hann hafi því ekki vitað um atvik sem krafa hans er reist á, í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga fyrr en í fyrsta lagi í ágúst 2014 og þá hafi ársfrestur í skilningi ákvæðisins byrjað að líða. Þá hafi M fyrst gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins. Einnig vísar M til þess að það sé ekkert annað sem geti útskýrt áverka sem sást með segulómum í september 2014 en umrætt slys í janúar 2006.

V telur í fyrsta lagi að það sé ósannað að það séu orsakatengsl milli falls M 23. janúar 2006 og þeirra einkenna, sem hann leitar til læknis vegna í ágúst 2014. Eins og niðurstöðum segulómunar sé lýst geti allt eins verið um slitbreytingar að ræða auk þess sem langur tími hafi liðið og aðrir áverkar geta komið til. Í öðru lagi telur V að ef ekki verði fallist á að orsakatengsl séu ósönnuð, verði að líta svo á að M hafi tilkynnt um tjón sitt allt of seint í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. M hafi strax á tjónsdegi fundið fyrir óþægindum og ef þau hafi verið viðvarandi síðan þá hafi atvik sem krafa hans er reist á verið komin fram löngu fyrir 24. október 2013, sem er ári fyrir dagsetningu tjónstilkynningar til V.

Álit.

Í málinu liggja fyrir ítarleg læknisfræðileg gögn um heilsufar M. Þar á meðal um tjónsatvik M 23. janúar 2006 og einkenni frá öxl. M leitaði sannanlega til læknis tveimur og tólf dögum eftir það atvik með einkenni frá öxl. Ekkert kemur hins vegar fram um slík einkenni í læknisfræðilegum gögnum í rúm átta ár eftir það, ekki fyrr en í ágúst 2014. Þó ekkert komi fram um önnur tjónsatvik í læknisfræðilegum gögnum sem áhrif gætu haft á öxl M verður ekki talið fyllilega sannað, miðað við fyrirbyggjandi gögn, að það séu orsakatengsl milli einkenna hans í ágúst 2014 og tjónsatviksins í janúar 2006. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á greiðslu bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 23. febrúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.